

Ed. 102. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6/1971, um Hótel- og veitingaskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess með eftirfarandi breytingu. Einn nefndarmanna, Steingrímur Hermannsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

BREYTINGARTILLAGA:

1. gr. orðist svo:

2. gr. laganna orðist svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Ráðherra skipar sjö manna skólanefnd með þessum hætti: Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tilnefningu Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, einn eftir tilnefningu Félags framreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Félags matreiðslumanna, einn eftir tilnefningu Matsveinafélags Sjómannasambands Íslands, tveir eftir tilnefningu nemenda í Hótel- og veitingaskóla Íslands úr hópi reglulegra nemenda skólans, en formaður skólanefndar skal skipaður án tilnefningar. Sjö varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Tilnefning nemendafulltrúa gildir til eins árs, en hinna til fjögurra ára.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og fjárreiður hans.

Alþingi, 4. des. 1974.

Axel Jónsson, form., frsm.	Steinþór Gestsson, fundaskr.	Þorv. Garðar Kristjánsson.
Jón Árm. Héðinsson.	Ragnar Arnalds.	Ingi Tryggvason.